

## AUGLÝSING

### um tiltekna varúðarráðstafanir vegna innflutnings á matvælum og fœðri frá Kína sem innhalda afurðir úr dýraríkinu.

#### 1. gr.

Óheimilt er að markaðssetja eða flytja til landsins fœður eða matvæli frá Kína sem innhalda afurðir úr dýraríkinu.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að markaðssetja og flytja inn þær afurðir sem um getur í viðauka I og II ef þær uppfylla almennar kröfur sem gerðar eru varðandi hollustuhætti og öryggi slíkra afurða.

Með afurðum sem um er getið í viðauka II skal fylgja með yfirlýsing frá kínverskum yfirvöldum þar sem fram kemur að efnafræðilegar mælingar hafi verið framkvæmdar á sýnum af hverri sendingu sem staðfesti að afurðirnar eru ekki skaðlegar heilsu manna eða dýra. Slíkar mælingar skulu sérstaklega staðfesta að leifar klóramfeníkóls og nítrófúrans og afleiða þeirra sé ekki að finna í afurðunum. Að auki skal framkvæma mælingar á malakítgrænu og kristalfjólubláu (methyl violet 10B) og afleiða þeirra í öllum fiskeldisafurðum sem tilgreindar eru í viðaukanum og staðfesta að slíkar leifar sé ekki að finna í afurðunum. Niðurstöður slíkra mælinga skulu jafnframt koma fram í fylgiskjölum með sendingum afurðanna.

#### 3. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar, sbr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli hafa eftirlit með matvælum og laga nr. 22/1994 um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru, hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar auglýsingar sé framfylgt.

#### 4. gr.

Um valdsvið, þvingunarræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum og ákvæðum laga um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994.

#### 5. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 27., 28. og 29. gr., sbr. 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum, 7. gr. laga um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru nr. 22/1994 og með hliðsjón af ákvörðunum nr. 2002/994/EB, 2004/621/EB, 2005/573/EB, 2008/463/EB, 2008/639/EB og 2009/799/EB. Auglýsingin öðlast gildi 1. mars 2010.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. febrúar 2010.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

VIÐAUKI I

**Afurðir úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneldis eða sem dýrafóður og heimilt er að flytja til landsins án yfirlýsingar, sbr. 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.**

Fiskafurðir, nema:

1. Fiskeldisafurðir;
2. Rækja, pilluð og/eða unnin;
3. Vatnakrabbí af tegundinni *Procambus clarkii* sem veiddur er í ferskvatni;

Gelatin

Gæludýrafóður sem fellur undir reglugerð nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

VIÐAUKI II

**Afurðir úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneldis eða sem dýrafóður og heimilt er að flytja til landsins að því tilskildu að þeim fylgi yfirlýsing, sbr. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.**

Fiskeldisafurðir

Rækja, pilluð og/eða unnin

Vatnakrabbí af tegundinni *Procambus clarkii* sem veiddur er í ferskvatni

Dýragarnir

Kanínukjöt

Hunang

Drottningarhunang

Alifuglakjöt

Egg og eggjavörur.